

Ed.

501. Breytingartillögur

[143. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Eyjólfí Konráð Jónssyni og Salome Þorkelsdóttur.

1. Við 1. gr.
 - a) 2. tl. orðist svo:

Með árlegum framlögum af byggingarsjóðsgjöldum, 1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt og ½% á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá.
 - b) Nýr tölulíður komi er verði 5. tl. og orðist svo:

Með 2% launaskatti samkvæmt lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Ný grein komi á eftir 3. gr. og orðist svo:
 2. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Lán skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera 42 ár. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.
4. Við 10. gr. 1. mgr. falli niður.
5. Ný grein komi í stað 13. gr. og orðist svo:
 37. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:

 - a) Með tekjum af eigin fé.
 - b) Með árlegu framlagi úr ríkissjóði á fjárlögum sem nema skal 80% af áætlaðri fjármagnspörf sjóðsins vegna byggingar verkamannabústaða.
 - c) Með framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags sem skal nema 10% af byggingarkostnaði þeirra íbúða sem hafin verður bygging á í verkamannabústöðum í sveitarfélaginu.
 - d) Með lántökum.

Eigið fé sjóðsins skal m. a. varið til lánveitinga vegna sölu á eldri verkamannabústöðum og til lækkunar á framlögum skv. staflíðunum b og c hér að framan.

Veðdeild Landsbanka Íslands annast afgreiðslu lána úr sjóðnum og innheimtu þeirra fyrir hans hönd. Heimilt er ráðherra að ákveða að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að almennum innlánsstofnunum skuli falið að annast afgreiðslu lána og innheimtu þeirra.
6. Við 18. gr. Greinin falli niður.
7. Við 19. gr. 2. og 3. mgr. falli niður.
8. Við 26. gr.
 - a) 1. mgr. orðist svo:

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða sveitarfélags skv. b- og c-lið 36. gr. mega nema 80% af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúða þeirra, sem gilda til viðmiðunar fyrir fyrirhugaðar íbúðir, sbr. ákvæði 35. gr. laga þessara. Annan kostnað við framkvæmdirnar skal hlutaðeigandi byggingaraðili bera. Nú verður

raunverulegur byggingarkostnaður meiri en nemur áætluðu verði staðalíbúðar, og skal þá hlutadeigandi byggingaraðili standa undir þeim umframkostnaði.

b) Við 4. mgr. bætist:

Lánin skulu bera sömu vexti og lán skv. 52. gr.

9. Við 31. gr. Greinin falli niður.
10. Við 32. gr. Greinin orðist svo:

Við 73. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita þeim viðbótarlán við önnur lán úr Byggingarsjóði ríkisins sem taka út sparifé sitt til þess að kaupa eða byggja íbúð. Húsnæðismálastjórn skal setja nánari reglur um þær lánveitingar.